



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans í Reykjavík

2024–2025

Gæðastjóri

Ragnheiður Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	3
1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir.....	3
2. Sjálfsmat.....	6
2.1 Síðastliðin ár	6
2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2024 - 2025.....	7
2.2.1 Samantekt jólaprófa.....	7
2.2.2 Kennslukannanir.....	9
2.2.3 Viðhorfskönnun til forráðamanna (svörun 21%).....	22
2.2.4 Viðhorfskönnun til nemenda (svörun 31%).....	24
2.2.5 Fundir með nemendum	24
2.2.6 Skólanámskrá.....	25
2.2.7 Umbótaáætlun	25
2.2.8 Umhverfisstefna.....	25
3. Lokaorð.....	25

1. Inngangur

Sjálfsmat gefur skólum tækifæri til að bæta sig. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtímaávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Ennfremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra sem hlut eiga að máli.

Sjálfsmatsskýrslur MR frá árinu 2008-2009 má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð rammaáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsögðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra, verkefnastjóra og gæðastjóra. Gæðastjóri skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn undirbýr nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, leitast við að efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lifnaðarhátum. Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið hans að nemendur séu að loknu stúdentsprófi vel undir það búnir að takast á við háskólanám, hvort heldur sem er innan lands eða utan.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð bæði sjálfstæð vinnubrögð og samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að búa nemendur sína vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi, sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti og samfélagsskipan ásamt fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og réttindum.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbriggt lífarni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Skólinn hefur verið hluti af heilsueflandi framhaldsskólaverkefninu síðustu ár en þar eru áherslurnar m.a. hreyfing, næring, geðrækt og vímuefni. Skólinn hefur í þessu samhengi hætt sölu á orkudrykkjum í mötuneyti nemenda og reynt að hafa matinn þar sem hollastan.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við Mennta- og menningar-málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Haustið 2023 var stofnuð starfsbraut en hlutverk hennar er að koma til móts við og aðstoða nemendur sem fást við ýmsa námserfiðleika. Haustið 2024 innrituðust 3 nemendur á starfsbraut svo nemendur eru nú 7 talsins. Þar er hverjum og einum nemenda mætt á einstaklings miðaðan hátt með það meginmarkmið að þau geti stundað nám sitt við kjör námsaðstæður.

Í samræmi við þann samning hefur skólinn kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og hefur tekið virkan þátt í því verkefni að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna vandaða námsráðgjöf, utanumhald umsjónarkennara og framboð námsleiða. Þessi viðleitni hefur tekist afar vel og telst brottfall nemenda skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar, þ.e. þar sem ekki er vitað um áframhaldandi nám.

Í upphafi skólaárs 2024-25 voru innritaðir nemendur 711, þar af voru 290 nemendur í 4. bekk, 209 nemendur í 5. bekk og 205 nemendur í 6. bekk. Innritaðir nemendur 57% stúlkur og 43% drengir og 0% stálp. Vorið 2025 voru 195 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Yfir veturinn hættu 30 nemendur og aukalega 6 nemendur sem mættu ekki í endurtökupróf um vorið. Að loknum vorprófum 2025 og endurtektarprófum þá féllu 30 nemendur á árinu en 14 þeirra ákváðu að halda áfram í MR sem þýðir að þeir endurtaka ár. Það þýðir að brottfall meðal nemenda í skólanum nam 7,31%.

Í upphafi skólaársins 2024-25 voru starfsmenn skólans 93 í 86,9 stöðugildum, þar af sinntu 74 kennslu.

Kynjaskiptingin var 60 konur (64,5%), 33 karlar (35,5%) en ekkert kvár (0%). Reynt hefur verið að horfa til kynjajafnréttis við mannaráðningar, t.d. í deildum þar sem þar sem einsleitni er.

Aldursdreifing starfsmanna er talsverð en 47% er á aldrinum 35 – 54 ára.

Taflan hér að neðan sem er unnin upp úr ársskýrslu 2024 sýnir skiptingu milli starfssviða annars vegar og kynjaskiptingu starfsfólks hins vegar.

Tafla 1: Starfsfólk skólans á haustmisseri 2024			
Starfsheiti	Karlar	Konur	Alls
Rektor		1	1
Konrektor	1		1
Kennslustjóri		1	1
Fjármálastjóri		1	1
Verkefnastjóri		1	1
Framhaldsskólakennarar	23	39	62
Stundakennarar	6	2	8
Leiðbeinendur	2	2	4
Náms- og starfsráðgjafar		3	3
Hjúkrunarfræðingur		1	1
Bókavörður		1	1
Fulltrúi á skrifstofu		1	1
Umsjónarmaður fasteigna	1		1
Matráður		1	1
Kaffiumsjón		1	1
Ræstitæknar		5	5
Alls	33	60	93

2. Sjálfsmat

2.1 Síðastliðin ár

Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaprófa og rafræn kennslukönnun, sem nær ekki aðeins til kennslu, kennsluhátta og námsefnis, heldur einnig annarra þátta í starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að litið sé til veikra jafnt sem sterkra hliða í niðurstöðu könnunarinnar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2024 - 2025

2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Jólaþróf 2024 báru mark af því að kennsla féll niður í 2 vikur vegna verkfalls kennara í FF og þá sérstaklega í Menntaskólanum í Reykjavík þann 18. – 29. nóvember. Vegna þessa var kennt 1 viku í desember að verkfalli loknu og eingöngu 3 próf tekin í hverri deild. Þær greinar sem ekki var prófað í voru metnar af kennurum og matseinkunn færð inn sem „jólaþrófseinkunn“.

Tafla 2: Jólaþróf 2024


Jólaþróf 2024				
		6. bekkur	5. bekkur	4. bekkur
Fös. 6.des		Síðasti kennsludagur á haustmíssi	Síðasti kennsludagur á haustmíssi	Síðasti kennsludagur á haustmíssi
Mán. 9.des	9:00-10:30	Saga	Ólesin stæ (eöl) / eðlisfræði (nátt) / enska (mál)	
	11:30-13:00			Jarðfræði (BDFHJL) stærðfræði (A) / efnafræði (CEGI)
Þri. 10.des	9:00-10:30			
	11:30-13:00			
Miö. 11.des	9:00-10:30	Ólesin stæ (nátt og eöl) / latína (forn) / 3 mál (ným)	Íslenska	
	11:30-13:00			Ólesin stæ (nátt) / 3 mál (AB)
Fim. 12.des	9:00-10:30			
	11:30-13:00			
Fös. 13.des	9:00-10:30	Líffræði (nátt) / eöl (eöl) / gríska (forn1) / 4 mál (ným/forn2)	Eðlisfræði (eöl) / efnafræði (nátt) / latína (forn) / 3 mál (ným)	
	11:30-13:00			Líffræði (CEGI) / enska (DFHJL) 11:30-12:10 / enska (AB)
Mán. 16.des	9:00-10:30	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf
	11:30-13:00	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf
Þri. 17.des	9:00-10:30	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf
	11:30-13:00	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf	Sjúkrapróf
Miö. 18.des				
Fim. 19.des	12	Einkunnaskil í bókhaldskerfi Innu	Einkunnaskil í bókhaldskerfi Innu	Einkunnaskil í bókhaldskerfi Innu
Fös. 20.des	12	Einkunnir birtar í Innu	Einkunnir birtar í Innu	Einkunnir birtar í Innu

Einsog sjá má í próftöflunni hér að ofan var 4. bekkur náttúrufræði prófaður í ólesinni stærðfræði og svo ýmist í jarðfræði og ensku eða efnafræði og líffræði (þau fög sem voru kennd á haustönninni). Í 4. bekk málabrautar var prófað í 3. máli, ensku og ýmist í stærðfræði eða jarðfræði (kennd á hausönn).

5. bekkur var prófaður í íslensku (allar deildir) og svo ólesinni stærðfræði og eðlisfræði á eðlisfræðibrautum, eðlisfræði og efnafræði á náttúrufræðibraut og ensku og ýmist 3. máli eða latínu á málabrautum.

6. bekkur var prófaður í sögu (allar deildir), málabrautir í latínu og grísku annars vegar og 3. og 4. máli hins vegar, eðlisfræðibrautir í ólesinni stærðfræði og eðlisfræði og náttúrufræðideildir í ólesinni stærðfræði og líffræði.

Niðurstöður jólaprófa 2024 voru teknar saman af konrektor og kynntar á kennarafundi í janúar 2025. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá einkunnadreifingu á jólaprófum 2024 en einsog fyrr kom fram er hluti einkunna mat kennara.



Mynd 1. *Einkunnardreifing nemenda á jólaprófi 2024*

Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekki í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaprófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf hjá námsráðgjöfum og auka líkur á að þeir nái vorprófum.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk stoðkerfis fyrir nemendur með lestrarörðugleika eða kvíðaröskun.

2.2.2 Kennslukannanir

Kennslukönnun á haustmisseri 2024

Á haustmisseri 2024, þann 8. nóvember, var gerð almenn kennslukönnun meðal nemenda skólans, þ.e. fyrir öll fög og alla kennara.


Svarhlutfall var 55%.

Hvað myndir þú áætla að þú notaðir marga klukkutíma á viku í heimavinnu í þessum áfanga?

1. (1) 1 klst.	42%	(1405/3344)
2. (2) 2 klst.	23%	(770/3344)
3. (3) 3 klst.	14%	(462/3344)
4. (4) 4 klst.	8%	(266/3344)
5. (5) 5 klst.	5%	(159/3344)
6. (6) 6 klst.	3%	(102/3344)
7. (7) 7 klst.	1%	(38/3344)
8. (8) 8 klst.	2%	(59/3344)
9. (9) 9 klst.	0%	(16/3344)
10. (10) 10 klst.	2%	(67/3344)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	3344 af
Svarhlutfall:	97%
Meðaltal:	2,5
Staðalfrávik:	2




Hvað af eftirtöldu setur kennarinn á INNU? Hakaðu við allt sem við á.

1. Heimavinna	17%	(2659/15244)
2. Dagsetningar prófa eða verkefna	20%	(2973/15244)
3. Rafræn próf og verkefni	12%	(1889/15244)
4. Einkunnir prófa og verkefna	18%	(2716/15244)
5. Námsáætlun áfangans	16%	(2446/15244)
6. Námsfni / fyrirlestrar	14%	(2210/15244)
7. Kennarinn setur ekkert af þessu inn	1%	(122/15244)
8. Ég veit það ekki	2%	(229/15244)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	15244 af
Svarhlutfall:	441% ▲




Hvernig myndir þú lýsa samskiptum þínum við kennarann?

1. Almenn í góðu lagi	83%	(2933/3525)
2. Hvorki né	13%	(473/3525)
3. Neikvæð	2%	(80/3525)
4. Vil ekki svara	1%	(39/3525)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	3525 af
Svarhlutfall:	102% ▲




Þegar á heildina er litið, að hversu miklu leyti telur þú að kennslan í þessu fagi hafi stutt þig í náminu? (Einkunnin 1 merkir að kennslan hefur ekkert stutt þig í náminu og 10 merkir að kennslan hefur stutt þig mjög vel.)

1. (1) 1	2%	(82/3515)
2. (2) 2	2%	(57/3515)
3. (3) 3	3%	(102/3515)
4. (4) 4	3%	(120/3515)
5. (5) 5	8%	(278/3515)
6. (6) 6	9%	(324/3515)
7. (7) 7	14%	(480/3515)
8. (8) 8	19%	(665/3515)
9. (9) 9	15%	(543/3515)
10. (10) 10	25%	(864/3515)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara:	3515 af
Svarhlutfall:	102% ▲
Meðaltal:	7,55
Staðalfrávik:	2,27



Í fyrstu spurningu voru nemendur spurðir hvað þeir notuðu mikinn tíma í heimavinnu í áföngum á viku. Í 65% tilfella er svarið 1 – 2 klst. Meðaltal fyrir alla áfanga er 2,5 klst á fag að meðaltali. Vissulega skiptist þessi vinna á milli áfanga.

Í annar spurningu er spurt hvað kennarinn setur á INNU. Samkvæmt niðurstöðum setja 20% kennara dagsetningar prófa og verkefna inn, 18% setja inn einkunnir, 17% setja inn heimavinnu, 16% setja inn námsáætlun, 14% námsefni og 12% rafræn próf

og verkefni. Hér mátti haka við alla möguleika sem áttu við. Kennarar mega, samkvæmt þessum niðurstöðum, gera betur.

Í þriðju spurningu er spurt um samskipti við kennara. 83% svara eru jákvæð, þ.e. að samskiptin séu almennt í góðu lagi. 2% velja neikvæð og 13% hvorki né. Þetta verður að teljast jákvætt.

Í fjórðu spurningu er kennslunni gefin einkunn frá 1 – 10 með það í huga hversu mikið kennslan hafi stutt nemanda við námið. 59% fá einkunnina 8 – 10, 31% frá einkunnina 5 – 7 og 10% fá einkunnina 1 – 4. Hér er aftur meðaltal allra kennara og allra áfanga en niðurstöður eru ágætar en vissulega er svigrúm til úrbóta.

Kennslukannanir á vormisseri 2025

Á vormisseri 2025 var kennslukönnunin með sama sniði og veturna 2022-2023 og 2023-2024. Að þessu sinni voru lagðar fyrir spurningar í níu fögum: eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði, latína, gríska, fornfræði, sögu og félagsfræði. Og þar með var lokið að leggja kennslukönnun fyrir í öllum fögum yfir 3 ára tímabil.

Jarðfræðin og líffræðin aðlöguðu sína könnun að fögunum (sömu spurningar) og voru þær kannanir lagðar fyrir nemendum 7. apríl 2025.

Fyrir hin fögin var notast við staðlaðar spurningar og var sú könnun einnig lögð fyrir nemendum 7. apríl 2025. Þetta var lokakaflinn (3/3) í tilraun til að reyna fá greinagóð svör frá nemendum til að breyta einhverju í kennsluháttum fyrir ákveðin fög.

Nemendur þurftu því einungis að svara kennslukönnunum fyrir hluta af þeim fögum sem þeir voru skráðir í á þessu misseri. Vonin var sú að með þessu yrði svörun betri en fyrri kennslukannanir en í þessu tilfelli voru nokkuð mörg fög metin. Svörunin var 30,4% fyrir samsettu könnunina. Fyrir neðan eru niðurstöðurnar úr kennslukönnuninni í heild fyrir þessi fög.

Kennslukönnun fyrir eðlisfræði, efnafræði, latínu, grísku, fornfræði, sögu og félagsfræði (svörunin: 30%)

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Ert þú ánægður með námsgögn áfangans
2. Höfðar kennslan til þín
3. Hvernig finnst þér námsmat í faginu
4. Er skýrt hvað þú átt að læra í þessu fagi

Auk tveggja opinna ritunarpurninga:

- a) Hvað hefur heppnast vel í faginu; og
- b) hvernig mætti sníða fagið betur að nemendum


Heildarniðurstöður:

Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glæsur og annað efni?

1. Já 81% (449/552)
2. Nei 14% (77/552)
3. Kys að svara ekki 5% (26/552)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 552 af 520
Svarhlutfall: 106% ▲



Höfðar kennslan til þín?

1. Já 73% (400/547)
2. Nei 18% (97/547)
3. Kys að svara ekki 9% (50/547)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 547 af 520
Svarhlutfall: 105% ▲




Hvernig finnst þér námsmat í faginu (próf, verkefni, annað mat)?

1. Mjög sanngjarnt 40% (225/561)
2. Sanngjarnt 38% (211/561)
3. Hvorki né 13% (72/561)
4. Ósanngjarnt 7% (38/561)
5. Mjög ósanngjarnt 2% (12/561)
6. Kys að svara ekki 1% (3/561)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 561 af 520
Svarhlutfall: 108% ▲



Er skýrt hvað þú átt að læra í þessu fagi og hvers er vænst af þér?

1. Já, alveg skýrt 51% (278/547)
2. Frekar skýrt 35% (194/547)
3. Oft óskýrt 10% (53/547)
4. Alveg óskýrt 3% (15/547)
5. Kys að svara 1% (7/547)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 547 af 520
Svarhlutfall: 105% ▲



Heildarniðurstaðan fyrir þessi fög er að:

81% nemenda eru ánægðir með námsgögn.

73% nemenda telja kennsluna höfða til sín.

78% nemenda telja að námsmat sé sanngjarnt.

86% nemenda telja skýrt til hvers af þeim er ætlast.

Svörum við ritunarspurningum verða gerð einhver skil fyrir aðgreind fög.

Þar sem fög voru ekki aðgreind í könnuninni þurfti að draga upplýsingar fyrir hvert fag út. Til skýringar kemur fram hér að neðan hvernig svör fyrir hvert fag eru fengin með veginu meðaltali fyrir alla áfanga innan fagsins.

Tafla 3: Dæmi um útreikninga. Spurning 1 fyrir alla áfanga í efnafræði:

1. Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur og annað efni?							
ÁFANGI	Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
EFNA1AM05	87	86%	75	13%	11	1%	1
EFNA2LÍ10	27	100%	27	0%	0	0%	0
EFNA2VG08	54	96%	52	0%	0	4%	2
EFNA2VG10	21	95%	20	0%	0	5%	1
EFNA3SB09	18	72%	13	17%	3	11%	2
Alls	189	92%	174	6%	11	2%	4

Heildarniðurstöður fyrir fagið eru svo dregnar saman í töfluna hér að neðan:

Tafla 4: Dæmi um framsetningu.

1. Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur og annað efni?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
189	92%	174	6%	11	2%	4

Eðlisfræði

1. Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur og annað efni?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
120	67%	80	25%	30	8%	10

2. Höfðar kennslan til þín?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
116	59%	69	26%	30	15%	17

3. Hvernig finnst þér námsmat í faginu (próf, verkefni, annað mat)?												
Fjöldi svara	Mjög sanngjarnt		Sanngjarnt		Óanngjarnt		Mjög		Hvorki né		Kýs að svara ekki	
121	30%	36	34%	41	9%	11	3%	4	22%	27	2%	2
	64%				12%							

4. Er skýrt hvað þú átt að læra í þessu fagi og hvers er vænst af þér?									
Fjöldi svara	Já, alveg skýrt		Frekar skýrt		Oft óskýrt		Alveg óskýrt		Kýs að svara ekki
119	36%	43	40%	47	14%	17	5%	6	5% 6
	76%				19%				

67% nemenda sem svara könnuninni eru sáttir við námsgögn en 25% ekki.

Kennslan höfðar til 60% nemenda en 26% telja svo ekki vera.

64% nemenda eru sáttir við námsmatið en 19% eru það ekki.

76% nemenda vita hvað þeir eiga að læra í eðlisfræði en 19% telja það ekki alveg skýrt.

Almennt eru nemendur mjög sáttir við kennsluna.

Náttufræðideildarnemendur eru sumir hverjir óöruggir í faginu og nefna að farið sér hratt yfir efnið og betra væri að dreifa því á tvö ár í stað þess að kenna allt á einu ári.

Annars nefna nokkrir nemendur á eðlisfræðibrautum að betra væri að hafa bók á íslensku og að það sé svolítið af villum í kennslubókinni eftir Giancoli: *Physics. Principles with Applications*.

Efnafræði

1. Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur og annað efni?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
189	92%	174	6%	11	2%	4

2. Höfðar kennslan til þín?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
208	89%	185	6%	12	5%	11

3. Hvernig finnst þér námsmat í faginu (próf, verkefni, annað mat)?												
Fjöldi svara	Mjög sanngjarnt		Sanngjarnt		Ósanngjarnt		Mjög		Hvorki né		Kýs að svara ekki	
194	64%	125	29%	57	0,5%	1	1%	2	5%	9	1%	2
	93%				1,5%							

4. Er skýrt hvað þú átt að læra í þessu fagi og hvers er vænst af þér?										
Fjöldi svara	Já, alveg skýrt		Frekar skýrt		Oft óskýrt		Alveg óskýrt		Kýs að svara ekki	
207	71%	148	23%	47	5%	10	0,5%	1	0,5%	1
	94%				5,5%					

92% nemenda sem svara könnuninni eru sáttir við námsgögn.

Kennslan höfðar til 89% nemenda en 6% telja svo ekki vera.

93% nemenda eru sáttir við námsmatið.

94% nemenda vita hvað þeir eiga að læra í efnafræði en 6% telja það ekki alveg skýrt.

Í opnum ritunarspurningum var helst sett út á að kennarar mættu samræma betur glósur og glærur svo nemendur hafi sama aðgang að þessum gögnum.

Einnig var nefnt að meiri tími megi fara í að leysa verkefni í tímum.

Latína

1. Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e.						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
29	83%	24	10%	3	7%	2

2. Höfðar kennslan til þín?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
29	62%	18	28%	8	10%	3

3. Hvernig finnst þér námsmat í faginu (próf, verkefni, annað mat)?												
Fjöldi svara	Mjög sanngjarnt		Sanngjarnt		Ósanngjarnt		Mjög ósanngjarnt		Hvorki né		Kýs að svara ekki	
30	23%	7	57%	17	3%	1	0%	0	17%	5	0%	0
	80%				3%							

4. Er skýrt hvað þú átt að læra í þessu fagi og hvers er vænst af þér?											
Fjöldi svara	Já, alveg skýrt		Frekar skýrt		Oft óskýrt		Alveg óskýrt		Kýs að svara ekki		
29	48%	14	38%	11	7%	2	7%	2	0%	0	
86%				14%							

Rétt er að hafa í huga að fjöldi nemenda sem svaraði er 29. Fyrir vikið eru bísna stórt prósentuhlutfall bak við hvern nemanda.

83% nemenda sem svara könnuninni eru sáttir við námsgögn.

Kennslan höfðar til 62% nemenda en 28% telja svo ekki vera.

80% nemenda eru sáttir við námsmatið.

86% nemenda vita hvað þeir eiga að læra í efnafræði en 14% telja það ekki alveg skýrt.

Í opnum ritunarspurningum nefna þónokkrir nemendur að umræður í tímum séu mjög áhugaverðar. Einhverjir myndu vilja fara hægar yfir en almennt eru nemendur mjög jákvæðir.

Gríska og fornfræði

Svörunin var of lítil þar sem 6 og 7 nemendur svöruðu hvorri könnun. Þess má þó geta að fögin hlutu jákvæð dóma.

Saga

1. Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur og annað efni?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
167	79%	132	17%	29	4%	6

2. Höfðar kennslan til þín?						
Fjöldi svara	Já		Nei		Kýs að svara ekki	
165	61%	101	28%	46	11%	18

3. Hvernig finnst þér námsmat í faginu (próf, verkefni, annað mat)?									
Fjöldi svara	Mjög sanngjarnt		Sanngjarnt		Ósanngjarnt		Mjög ósanngjarnt		Hvorki né
168	21%	36	45%	76	14%	24	3%	5	16%
	66%				17%				27
									0%
									0

4. Er skýrt hvað þú átt að læra í þessu fagi og hvers er vænst af þér?									
Fjöldi svara	Já, alveg skýrt		Frekar skýrt		Oft óskýrt		Alveg óskýrt		Kýs að svara ekki
163	37%	60	48%	78	12%	20	3%	5	0%
	85%				15%				0

79% nemenda sem svara könnuninni eru sáttir við námsgögn.

Kennslan höfðar til 61% nemenda en 28% telja svo ekki vera.

66% nemenda eru sáttir við námsmatið.

85% nemenda vita hvað þeir eiga að læra í efnafræði en 15% telja það ekki alveg skýrt.

Í opnum ritunarspurningum kom fram að nemendur eru almennt sáttir við kennsluna og hve fróðir kennarar eru. Helsta ábendingin var að það mættu vera fleiri lítil verkefni í sögu.

Félagsfræði

Svörunin var lítil þar sem 12 nemendur svöruðu könnuninni fyrir félagsfræði. En 100% nemenda svöruðu spurningum 1 og 2 játandi, það er ánægja er með námsgögnin og kennslan höfðar til nemenda.

Kennslukönnun: jarðfræði og líffræði

Spurningarnar voru sérhannaðar af líffræði- og jarðfræðideildunum og voru eftirfarandi:

1. Hefur þú kynnt þér námsáætlun, þ.á.m. námsmarkmið og skiptingu námsmats?
2. Finnst þér námsmarkmið vera skýr?
3. Er útkoma úr verkefnum og prófum í samræmi við þitt vinnuframlag?
4. Merktu við alla valkosti sem eiga við um lestur námsefnisins, glæurnar/glósurnar sem kennarinn birtir á Innu:
 - a. Ég les reglulega í glósunum.
 - b. Ég les glósurnar fyrir kaflapróf.
 - c. Ég les glósurnar fyrir jóla- og vorpróf.
 - d. Ég hef reynt að lesa glósurnar en gefist upp.
 - e. Ég hef aldrei reynt að lesa glósurnar.
 - f. Kýs að svara ekki.
5. Merktu við alla valkosti sem gagnast þér í náminu:
 - a. Ég fylgist vel með í kennslustundum.
 - b. Ég glósa í kennslustundum.
 - c. Ég skoða myndir í glærunum og les textann í glósunum.
 - d. Ég les einungis glærur fyrir kafla- og lokapróf.
 - e. Kýs að svara ekki.
6. Ég nýti kennslustundirnar vel til að fylgjast með, spyrja og taka þátt.
7. Hvaða kennsluhættir voru of mikið notaðir í vetur? (Veldu alla sem eiga við).
8. Hvaða kennsluhættir voru notaðir í hæfilegur magni í vetur? (Veldu alla sem eiga við).
9. Hvaða kennsluhættir voru of lítið notaðir í vetur? (Veldu alla sem eiga við).
 - a. Töflukennsla.
 - b. Glærukennsla.
 - c. Umræður.
 - d. Verklegar æfingar.

- e. Verkefnavinna í kennslustundum.
- f. Heimavinna.
- g. Kýs að svara ekki.

Einnig voru tvær opnar ritunarpurningar:

- a) Hvernig mætti gera námsmátið sanngjarnara að þínu mati?
- b) Nefndu þætti í kennslu fagsins sem þér finnst hafa tekist vel eða þér finnst að hefði mátt úrfæra betur í vetur.


Kennslukönnun: jarðfræði (lagt fyrir 242/70 svöruðu: 29% svörun)

Hefur þú kynnt þér námsáætlun, þ.á m. námsmarkmið og skiptingu námsmats?

- | | | |
|----------------------|-----|---------|
| 1. Já | 76% | (53/70) |
| 2. Nei | 24% | (17/70) |
| 3. Kýs að svara ekki | 0% | (0/70) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 70 af 70
Svarhlutfall: 100%




Finnst þér námsmarkmið vera skýr?

- | | | |
|----------------------|-----|---------|
| 1. Já | 77% | (54/70) |
| 2. Nei | 3% | (2/70) |
| 3. Veit ekki | 20% | (14/70) |
| 4. Kýs að svara ekki | 0% | (0/70) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 70 af 70
Svarhlutfall: 100%




Er útkoman úr prófum og verkefnum í samræmi við þitt vinnuframlag?

- | | | |
|----------------------|-----|---------|
| 1. Já | 91% | (64/70) |
| 2. Nei | 3% | (2/70) |
| 3. Veit ekki | 4% | (3/70) |
| 4. Kýs að svara ekki | 1% | (1/70) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 70 af 70
Svarhlutfall: 100%




Merktu við alla valkosti sem eiga við um lestur námsfenisins; glæurnar/glósumnar sem kennarinn birtir á Innu:

- | | | |
|--|-----|----------|
| 1. Ég les reglulega í glósunum. | 21% | (30/146) |
| 2. Ég les glósumnar fyrir kaflapróf. | 40% | (58/146) |
| 3. Ég les glósumnar fyrir jóla- og vorpróf. | 34% | (50/146) |
| 4. Ég hef reynt að lesa glósumnar en gefist upp. | 2% | (3/146) |
| 5. Ég hef aldrei reynt að lesa glósumnar. | 1% | (1/146) |
| 6. Kýs að svara ekki | 3% | (4/146) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 146 af 70
Svarhlutfall: 209% ▲




Merktu við alla valkosti sem gagnast þér í náminu:

- | | | |
|--|-----|----------|
| 1. Ég fylgist vel með í kennslustundum. | 34% | (56/166) |
| 2. Ég glósa í kennslustundum. | 31% | (52/166) |
| 3. Ég skoða myndir í glærunum og les textann í glósunum. | 23% | (39/166) |
| 4. Ég les einungis glæsur fyrir kafla- og lokapróf | 10% | (16/166) |
| 5. Kýs að svara ekki | 2% | (3/166) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 166 af 70
Svarhlutfall: 237% ▲




Ég nýti kennslustundirnar vel til að fylgjast með, spyrja og taka þátt:

- | | | |
|----------------------|-----|---------|
| 1. Alltaf | 22% | (15/69) |
| 2. Oftast | 64% | (44/69) |
| 3. Sjaldan | 9% | (6/69) |
| 4. Aldrei | 1% | (1/69) |
| 5. Kýs að svara ekki | 4% | (3/69) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 69 af 70
Svarhlutfall: 99%




Hvaða kennsluhættir voru of mikið notaðir í vetur? (Veldu alla sem eiga við)

1. Töflukennsla	8% (6/79)
2. Glærukennsla	47% (37/79)
3. Umræður	5% (4/79)
4. Verklegar æfingar	3% (2/79)
5. Verkefnavinna í kennslustundum	13% (10/79)
6. Heimavinna	3% (2/79)
7. Kys að svara ekki	23% (18/79)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 79 af 70

Svarhlutfall: 113% ▲




Hvaða kennsluhættir voru notaðir í hæfilegu magni í vetur? (Veldu alla sem eiga við)

1. Töflukennsla	14% (26/186)
2. Glærukennsla	17% (31/186)
3. Umræður	13% (25/186)
4. Verklegar æfingar	16% (29/186)
5. Verkefnavinna í kennslustundum	24% (45/186)
6. Heimavinna	13% (24/186)
7. Kys að svara ekki	3% (6/186)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 186 af 70

Svarhlutfall: 266% ▲



Hvaða kennsluhættir voru of lítið notaðir í vetur? (Veldu alla sem eiga við)

1. Töflukennsla	24% (19/78)
2. Glærukennsla	0% (0/78)
3. Umræður	22% (17/78)
4. Verklegar æfingar	23% (18/78)
5. Verkefnavinna í kennslustundum	8% (6/78)
6. Heimavinna	5% (4/78)
7. Kys að svara ekki	18% (14/78)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 78 af 70

Svarhlutfall: 111% ▲



76% nemenda segjast hafa kynnt sér námsáætlun og svipaður fjöldi telur námsmarkmið skýr.

91% nemenda eru sammála því að útkoma úr prófum og verkefnum er í samræmi við vinnu þeirra í faginu sem er mjög jákvætt.

Í spurningum 4 og 5 má merkja við allt sem við á þannig að líta þarf á einstök svör þar sem sami nemandi getur staðið á bak við fleiri en eitt svar. Þessar spurningar eru mjög gagnlegar fyrir hvern og einn kennara sem er vissulega aðalmarkmiðið. Almennt er ljóst að glósur og glærur á Innu eru mikilvægar og almennt vel nýttar af nemendum.

Samkvæmt svörum við spurningu 6 þá nýta 86% nemenda sér kennslustundirnar (22% alltaf, 64% oftast).

Í spurningum 7, 8 og 9 er kannað hvaða kennsluform hentar nemendum best. Í töflunni hér að neðan eru svör tekin saman.

Kennsluaðferð	Of mikið (%)	Hæfilegt (%)	Of lítið (%)
Töflukennsla	8	14	24
Glærुकennsla	47	17	0
Umræður	5	13	22
Verklegar æfingar	3	16	23
Verkefnavinna	13	24	8
Heimavinna	3	24	5
Kýs að svara ekki	23	6	18

Samkvæmt þessum niðurstöðum mætti mögulega minnka glærुकennslu og auka aðeins töflukennslu, umræður og verklegar æfingar – sem er ekki endilega hlaupið að. Þessar spurningar eru mjög vel unnar og spurning að láta svipaðar spurningar fylgja í almennum kennslukönnunum í framtíðinni.

Í fyrri skrifaðri spurningu um námsmat voru svör mjög jákvæð, menn almennt ánægðir. Í síðari spurningu um hvað tókst vel og hvað mætti betur fara: almenn ánægja. Sumum fannst mætti vera minni glærुकennsla en nemendur voru ánægðir með krossaspurningar á Innu til að æfa sig á og quizzlet og Kahoot í tímum. Einnig var nefnt að verklegar æfingar sem hefðu tekist vel.


Kennslukönnun: líffræði (lagt fyrir 718/223 svöruðu: 31% svörun)

Hefur þú kynnt þér námsáætlun, þ.á m. námsmarkmið og skiptingu námsmats?

1. Já 75% (166/221)
2. Nei 22% (49/221)
3. Kýs að svara ekki 3% (6/221)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 221 af 223
Svarhlutfall: 99%




Finnst þér námsmarkmið vera skýr?

1. Já 72% (158/219)
2. Nei 9% (19/219)
3. Veit ekki 19% (41/219)
4. Kýs að svara ekki 0% (1/219)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 219 af 223
Svarhlutfall: 98%




Er útkoman úr prófum og verkefnum í samræmi við þitt vinnuframlag?

1. Já 80% (176/221)
2. Nei 8% (17/221)
3. Veit ekki 9% (20/221)
4. Kýs að svara ekki 4% (8/221)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 221 af 223
Svarhlutfall: 99%




Merktu við alla valkosti sem eiga við um þína ástundun:

1. Ég les reglulega í námsbókinni. **8%** (28/342)
2. Ég les námsbókina fyrir kaflapróf. **35%** (118/342)
3. Ég les námsbókina fyrir jóla- og vorpróf. **31%** (105/342)
4. Ég hef reynt að lesa námsbókina en gefist upp. **13%** (45/342)
5. Ég hef aldrei reynt að lesa námsbókina. **11%** (36/342)
6. Kys að svara ekki **3%** (10/342)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 342 af 223
Svarhlutfall: 153% ▲




Merktu við alla valkosti sem gagnast þér í náminu:

1. Ég fylgist vel með í kennslustundum. **32%** (173/534)
2. Ég glósa í kennslustundum. **26%** (137/534)
3. Ég skoða myndir í námsbókinni og les textann. **17%** (89/534)
4. Ég skoða myndirnar í námsbókinni en les ekki textann. **4%** (19/534)
5. Ég les einungis glærur fyrir kafla- og lokapróf. **22%** (115/534)
6. Kys að svara ekki **0%** (1/534)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 534 af 223
Svarhlutfall: 239% ▲




Ég nýti kennslustundirnar vel til að fylgjast með, spyrja og taka þátt:

1. Alltaf **17%** (37/221)
2. Oftast **67%** (147/221)
3. Sjaldan **13%** (28/221)
4. Aldrei **3%** (6/221)
5. Kys að svara ekki **1%** (3/221)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 221 af 223
Svarhlutfall: 99%




Hvaða kennsluhættir voru of mikið notaðir í vetur? (Veldu alla sem eiga við)

1. Töflukennsla **13%** (40/319)
2. Glærukennsla **32%** (103/319)
3. Umræður **5%** (16/319)
4. Verklegrar æfingar **9%** (28/319)
5. Verkefnavinna í kennslustundum **12%** (38/319)
6. Heimavinna **12%** (37/319)
7. Kys að svara ekki **18%** (57/319)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 319 af 223
Svarhlutfall: 143% ▲




Hvaða kennsluhættir voru notaðir í hæfilegu magni í vetur? (Veldu alla sem eiga við)

1. Töflukennsla **16%** (101/640)
2. Glærukennsla **18%** (115/640)
3. Umræður **14%** (87/640)
4. Verklegrar æfingar **18%** (118/640)
5. Verkefnavinna í kennslustundum **20%** (127/640)
6. Heimavinna **11%** (73/640)
7. Kys að svara ekki **3%** (19/640)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 640 af 223
Svarhlutfall: 287% ▲




Hvaða kennsluhættir voru of lítið notaðir í vetur? (Veldu alla sem eiga við)

1. Töflukennsla **13%** (29/218)
2. Glærukennsla **3%** (6/218)
3. Umræður **27%** (58/218)
4. Verklegrar æfingar **22%** (47/218)
5. Verkefnavinna í kennslustundum **9%** (20/218)
6. Heimavinna **5%** (10/218)
7. Kys að svara ekki **22%** (48/218)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 218 af 223
Svarhlutfall: 98%



75% nemenda segjast hafa kynnt sér námsáætlun og 72% telur námsmarkmið skýr.

80% nemenda eru sammála því að útkoma úr prófum og verkefnum er í samræmi við vinnu þeirra en 8% eru því ósammála.

Í spurningum 4 og 5 má merkja við allt sem við á þannig að líta þarf á einstök svör þar sem sami nemandi getur staðið á bak við fleiri en eitt svar. Þessar spurningar eru mjög gagnlegar fyrir hvern og einn kennara og einstaka áfanga sem er vissulega

aðalmarkmiðið. Heildarniðurstöður segja minna en almennt ljóst er að glósur og glærur á Innu eru mikilvægar og almennt vel nýttar af nemendum.

Samkvæmt svörum við spurningu 6 þá nýta 84% nemenda sér kennslustundirnar (17% alltaf, 67% oftast).

Í spurningum 7, 8 og 9 er kannað hvaða kennsluform hentar nemendum best. Í töflunni hér að neðan eru svör tekin saman.

Kennsluaðferð	Of mikið (%)	Hæfilegt (%)	Of lítið (%)
Töflukennsla	13	16	13
Glærukennsla	32	18	3
Umræður	5	14	27
Verklegar æfingar	9	18	22
Verkefnavinna	12	20	9
Heimavinna	12	11	5
Kýs að svara ekki	18	3	22

Samkvæmt þessum niðurstöðum mætti mögulega minnka glærukennslu og auka aðeins umræður en annars er talsvert jafnvægi milli þeirra sem finnast ákveðinni kennsluaðferð beitt of mikið annars vegar og of lítið hinsvegar.

Í fyrri skrifaðri spurningu um námsmat voru svör almennt jákvæð. Nokkrir nemendur nefna yfirferð á skýrslum og þá tengist það að það mætti vera meira samræmi á milli bekkja varðandi kröfur og yfirferð.

Í síðari spurningu um hvað tókst vel og hvað mætti betur fara: glærukennsla er mikið nefnd. Margir eru mjög sáttir við glærurnar svo lengi sem kennari les ekki beint af þeim heldur notar þær sem stuðning.

2.2.3 Viðhorfskönnun til forráðamanna (svörun 21%)

Könnun fyrir forráðamenn nemenda í 4. bekk var lögð fyrir 8. nóvember 2024

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvernig myndir þú lýsa upplýsingagjöf skólans?
2. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?

3. Hvernig myndir þú lýsa álagi barnsins við nám í skólanum?

4. Fylgist þú almennt með heimavinnu og einkunnunum á INNU?

5. Telur þú að barnið þitt eigi auðvelt að afla sér upplýsinga um heimavinna á INNU?

Í lokin var ritunarpurning:


Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri við skólann?

Hvernig myndir þú lýsa upplýsingagjöf skólans?

1. Mjög góð	30% (37/122)
2. Góð	57% (69/122)
3. Hvorki né	7% (9/122)
4. Ábótavant	5% (6/122)
5. Mjög ábótavant	1% (1/122)
6. Kys að svara ekki	0% (0/122)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 122 af 122
Svarhlutfall: 100%




Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?

1. Mjög vel	41% (50/121)
2. Vel	51% (62/121)
3. Hvorki né	5% (6/121)
4. Illa	2% (2/121)
5. Mjög illa	1% (1/121)
6. Kys að svara ekki	0% (0/121)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 121 af 122
Svarhlutfall: 99%



Hvernig myndir þú lýsa álagi barnsins við nám í skólanum?

1. Mjög mikið	33% (40/122)
2. Mikið	47% (57/122)
3. Hvorki né	18% (22/122)
4. Lítið	1% (1/122)
5. Mjög lítið	1% (1/122)
6. Kys að svara ekki	1% (1/122)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 122 af 122
Svarhlutfall: 100%




Fylgist þú almennt með heimavinnu og einkunnunum á INNU?

1. Já	77% (94/122)
2. Nei	22% (27/122)
3. Kys að svara ekki	1% (1/122)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 122 af 122
Svarhlutfall: 100%




Telur þú að barnið þitt eigi auðvelt að afla sér upplýsinga um heimavinna á INNU?

1. Já	91% (111/122)
2. Nei	4% (5/122)
3. Kys að svara ekki	5% (6/122)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 122 af 122
Svarhlutfall: 100%



87% þeirra foreldra sem svöruðu töldu upplýsingagjöf skólans góða.

92% telja að barninu sínu líði vel í skólanum. 3% telja að barninu sínu líði illa sem er vissulega 3% of mikið. En niðurstöðurnar eru eigi að síður góðar.

80% telja vera mikið álag á nemendum. Þetta er mjög afgerandi þó vissulega þurfi líka að hafa í huga að svörunin er 21% og ekki ólíklegt að foreldrar barna sem upplifa mikið álag svari könnuninni frekar.

77% fylgjast með heimavinnu og einkunnum á INNU.

91% telur að nemendur eigi auðvelt með að afla sér upplýsinga um heimavinnu á INNU.

48 manns svöruðu opnu spurningunni. Hlutfallslega var álag á nemendur nefnt oftast og einnig tíð veikindi starfsmanna. Einnig þótti nokkrum upplýsingagjöf varðandi verkfall ekki berast nógu fljótt.

En einnig skólanum og einstaka kennurum hrósað fyrir að halda vel utan um nemendur.

2.2.4 Viðhorfskönnun til nemenda (svörun 31%)

Könnun fyrir nemendur var lögð fyrir 8. nóvember 2024

Könnunin innihélt eina opna ritunarpurning:

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi kennslu í þínum fögum eða varðandi aðra þætti í skólastarfinu?

Í stuttu máli voru allst 152 svör og þarf af var svarið einfaldlega nei í 33% tilfella.

Margir eru almennt ánægðir en upp úr stendur að álag mætti vera minna og betur passað upp á að fjölda prófa í viku sé haldið í skefjum.

Og því fleiri upplýsingar sem kennarar setja á INNU, því betra.

2.2.5 Fundir með nemendum

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Í Menntaskólanum í Reykjavík hefur þessum fundum verið fundinn sá farvegur að funda í skólaráði reglulega. Í skólaráði eru fulltrúar nemenda og koma þessi fundir í staðinn fyrir fundi með öllum nemendum.

2.2.6 Skólanámskrá

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni.

2.2.7 Umbótaáætlun

1. Unnið var áfram að verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli en þar er leitast við að reyna bæta upplifun og heilsu nemenda í skólanum.
2. Kennslukönnunin er hluti af þeirri vinnu að stuðla að stöðugri umbótum á fögum skólans.
3. Sjálfsmatsáætlun 2025-2026
Sjá aukaskjal.

2.2.8 Umhverfisstefna

Skólinn er að vinna að grænu skrefunum en skrefin eru fimm. Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd sem konrektor er í forystu fyrir, það er ánægjulegt að skólinn sé á þessari vegferð. Þetta er þó vegferð sem mun langan tíma.

3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi Menntaskólans í Reykjavík verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans.

Sjálfsmatið er mikilvægur hluti af því að horfa til þeirra hluta sem eru vel unnir en einnig að leitast eftir að greina þá sem þarf að bæta. Að þessu sinni var skoða nokkur tiltekin

fög. Mikilvægt að halda áfram þróun innan skólans hvort sem það er í skólastofunni eða á stjórnsýslustigi til að takast á við þær síbreytilegu áskoranir sem felast í menntun. Veturinn 2024-2025 litaðist af verkfallinu í nóvember sem hafði talsverð áhrif á jólapróf og vorönnina.